

samkvæmt því, er nánar er tiltekið í ferðaáætlun, er þingið hafði samið, og þar að auki er óskað eftir, að stjórnin vilji sjá svo fyrir, að seglskip verði sent til Íslands með pósti í byrjun yfirstandandi mánaðar. Eftir að hafa meðtekið þetta brjef, ritaði ráðgjafinn fyrir Ísland innanríkisstjórninni og mæltist til þess, að hún yrði við óskum alþingis. **35** 15. jan.

Innanríkisstjórninni virtist samt sem áður, að sjer bæri að halda föstum tormerkjum þeim, er hún áður hefði talið á hinni eptircesktu ferðaáætlun, og neitaði því að eiga sjálf nokkurn hlut að ferðaáætlun þessari. Þar á móti hafði hún ekki neitt á móti því, að ráðgjafinn fyrir Ísland reyndi að semja við hið sameinaða gufuskipafjelag um, að fjelag þetta tæki að sjer allar póstferðirnar milli Danmerkur og Íslands samkvæmt ferðaáætlun þeirri, er alþingi hafði mælt með, og hefir ráðgjafiun gjört þar eptir samning þann við nefnt fjelag, er hjer með fylgir eptirrit eftir, um gufuskipaferðirnar millum Danmerkur, Færeyja og Íslands frá 1. janúar 1880.

Ráðgjafinn lætur ekki undan falla að senda yður til afnota á venjulegan hátt nokkur expl. af ferðaáætlun þeirri, er samþykkt hefir verið fyrir yfirstandandi ár, og skal þess jafnframt getið, að nokkur expl. af fargjaldsskránni fyrir farþegja og góz muni verða send yður, herra landshöfðingi, með póstskipi því, er fer hjeðan 1. marz þ. á.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lögsókn gegn lands- sjóði.* — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 26. nóvbr. f. á. var hingað sent bónarbrjef Lárusar Blöndals sýslumanns í Húnavatnssýslu, þar sem hann beiðist leyfis til þess að lögsækja landshöfðingja, fyrir hönd hins íslenzka landssjóðs í máli því, er hann ætlar að höfða gegn landssjóðnum út af rjetti hans til að fá viðbót fyrir sjálfan hann við laun þau, sem embættinu fylgja samkvæmt 7. gr. í lögum frá 14. desember 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta. Fyrir því skal yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þjónustusamlega tjáð, að hið umbeðna leyfi er hjer með veitt. **36** 15. jan.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um mæling á Húnaflóa.* — Með þóknanlegu brjefi frá 8. október f. á., senduð þjer, herra landshöfðingi, eptirrit eptir 2 brjefum frá foringja herskipsins Ingólfs, Mourier skipherra, sem síðastliðið sumar hefir eptir áskorun yðar rannsakað, hvernig ástatt væri á Húnaflóa, einkum að því er lýtur að hafskipaleið til kaupþúsins Borðeyrar, og fóruð þjer fram á það, að ráðgjafinn vildi semja svo við sjóliðsstjórnina, að gjörð yrði tilraun til að mæla upp hinn nefnda flóa, á þann hátt, er Mourier skipherra hefir bent á, þar sem slíkt verk gæti haft mikla þýðingu fyrir siglingar hafskipa og einkum póstgufuskipaferðirnar. **37** 15. jan.

Eftir að skrifað hafði verið sjóliðsstjórninni út af þessu, hefir ráðgjafinn meðtekið brjef það frá 8. þ. m., er eptirrit fylgir eptir, og má þóknanlega sjá af því, að það mun verða lagt fyrir herskipsforingjann í ár að mæla upp Húnaflóa að svo miklu leyti, sem sjóliðsstjórnin álitur nauðsynlegt, til þess að póstgufuskipin geti komið við á Borðeyrar kaupþúni.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sálmabókarnefndina.* — Með þóknanlegu brjefi frá 11. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent mjer brjef frá biskupnum yfir Íslandi, þar sem hann fer fram á, að útveguð verði staðfesting **38** 15. jan.